

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

UM VISTVÆNAN REKSTUR OG VISTVÆN INNKAUP STOFNANA RÍKISINS

Framkvæmd af stýrihópi verkefnisins

mars - apríl 2015



FORSAGA



Verkefnið Vistvæn innkaup (VINN) varð til árið 2003 sem samstarfsvettvangur opinberra aðila sem höfðu áhuga á að innleiða og vinna að vistvænum innkaupum

Meginmarkmið verkefnisins „*Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur*“ er að þróa vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur, upplýsa og aðstoða við innleiðingu.

Stefna ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur var endurnýjuð og útvíkkuð 2013, m.a. á grundvelli niðurstaðna könnunar hjá forstöðumönnum ríkisstofnana frá 2013.

Fyrir verkefninu fer stýrihópur og í honum sitja fulltrúar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti (formennska), fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ríkiskaupum, Umhverfisstofnun, Landspítala, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnafjarðarbæ og Reykjavíkurborg.

Ýmis jákvæð teikn sáust í könnuninni frá 2013. Augljóst var að margar stofnanir voru byrjaðar að vinna að umhverfismálum og nefndu þörf á fræðslu og einföldum verkfærum. Til að bregðast við því voru sett upp svokölluð „*Græn skref í ríkisrekstri*“ sem öllum stofnunum býðst nú að nýta sér og margar hafa þegar byrjað á.

Stýrihópur ákvað að endurtaka forstöðumannakönnunina til að fá samanburð, meta þróun og geta um leið nýtt niðurstöður til frekari kynningar og eflingar þeirra verkefna sem í boði eru, s.s. Grænt bókhald, Græn skref í ríkisrekstri og Vistvæn innkaup.

KÖNNUN UM VISTVÆNAN REKSTUR OG VISTVÆN INNKAUP STOFNANA RÍKISINS


Könnunin var send í tölvupósti til 185 stofnanir (ráðuneyti þar með talin) samkvæmt forstöðumannalista stofnana ríkisins og óskað eftir því að forstöðumenn stofnana svöruðu.

Könnun var tvískipt í ár samanborið við þrískipt árið 2013; spurt var um umhverfisstarf stofnana og um vistvæn innkaup. Spurningar um Grænt hagkerfi voru felldar út og nýjar spurningar um Græn skref settar inn. Könnun sýnir viðhorf og viðleitni forstöðumanna en er ekki mat á raunverulegri frammistöðu stofnana

Könnunin var send 18. mars 2015 og skiladagur var 10. apríl 2015. Þrjár ítrekanir voru sendar á því tímabili og á endanum luku 101 könnuninni, eða 56%.

Árið 2013 var könnunin send á 194 stofnanir en 181 árið 2015, ástæðan fyrir fækkun á milli ára er sameining stofnana

Svarhlutfall lækkar úr 62% í 56% á milli kannana eða úr 120 stofnunum í 101 stofnun




I. Hluti:

UMHVERFISSTARF STOFNANA

SPURNINGAR UM UMHVERFISSTARF STOFNANA

1. Hefur stofnunin sett sér umhverfisstefnu?
2. Hefur stofnunin sett sér markmið og aðgerðaáætlun um umhverfisstarf í samræmi við umhverfisstefnuna?
3. Flokkar stofnunin úrgang og skilar til endurvinnslu?
4. Býður stofnunin starfsfólki sínu að gera samgöngusamning?
5. Hefur stofnunin tilnefnt ábyrgðarmanneskju/teymi vegna umhverfisstarfsins ? **NÝ SPURNING**
6. Hafa starfsmenn fengið fræðslu um umhverfismál?
7. Hver er helsta hindrunin við að vinna að umhverfisstarfi stofnunarinnar?
8. Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf stofnunarinnar?
9. Heldur stofnunin grænt bókhald?
10. Birtir stofnunin árangursvísa samkvæmt GRI sjálfbærnivísunum (Global Reporting Initiative)?
11. Vinnur stofnunin að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis, s.s. ISO 14001 eða sambærilegs staðals eða starfar nú þegar samkvæmt ISO 14001?
12. Þekkir stofnunin til verkefnisins Græn skref í ríkisrekstri? **NÝ SPURNING**
13. Ætlar stofnunin að taka þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri ? **NÝ SPURNING**

UMHVERFISSTARF STOFNANA



UMHVERFISSTARF STOFNANA


Nánar um umhverfisstarf stofnana:

- 50% stofnana hafa sett sér umhverfisstefnu, sem er svipaður fjöldi og í síðustu könnun (úr 48 í 50 stofnanir)
- 40% hafa sett sér markmið í umhverfismálum í stað 35% 2013
- 91% stofnana flokka og skila til endurvinnslu
- Í fyrsta skipti var spurt hvort stofnanir hafi tilnefnt ábyrgðarmanneskju/teymi vegna umhverfisstarfsins, 48% hafa gert það
- Hástökkvari könnunarinnar eru samgöngusamningar, en nú bjóða 42% stofnana uppá samgöngusamning í stað 15% árið 2013
- 34% stofnana segist skila Grænu bókhaldi í stað 24% árið 2013
- Hlutfall stofnana sem vinna að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis er svipað á milli ára
- Í 21% stofnana hafa engir starfsmenn fengið fræðslu um umhverfismál

GRÆN SKREF



- Spurt var um Græn skref í ríkisrekstri* í fyrsta sinn í ár
- 79 stofnanir (78%) þekktu til Grænu skrefanna
- 57 stofnanir (56%) segjast ætla að taka þátt
- Stofnanir sem sögðust ekki ætla að taka þátt nefndu þær skýringar m.a. að þær þekktu ekki verkefnið, hefðu ekki tekið ákvörðun o.fl.



*Græn skref eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu eftir hvert skref. Verkefnið er á vegum stýrihóps um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur og er hluti af innleiðingarstefnu ríkisstjórnar. Sjá nánar á graenskref.is




Birtir stofnunin árangursvísa samkvæmt GRI sjálfbærnisunum?

- 1 stofnun af 120 birtir árangursvísa samkvæmt GRI (Global Reporting Initiative) sjálfbærnisunum árið 2013
- 3 af 101 segjast birta árangursvísa samkvæmt GRI árið 2015

Hver er helsta hindrunin við að vinna að umhverfisstarfi stofnunarinnar?

- Lítil munur er á hindrunum milli kannana. Aðstöðuleysi og úrgangsmál eru þó oftar nefnd 2015, en tímaskortur og vinnuálag eru sjaldnar nefnd samanborið við 2013
- Athyglisvert að 2015 er enginn sem nefnir ónóga fræðslu eða skort á upplýsingum og lagakröfum
- Færri svara spurningunni en síðast; 68 af 101 stofnun svara 2015, en 101 af 120 svöruðu 2013



Hver er helsta hindrunin við að vinna að umhverfisstarfi stofnunarinnar?

*Dæmi um skýringar stofnana sem **sinna** umhverfisstarfi:*

- Umhverfismál eru nýr málaflokkur. Margir starfsmenn með starfslýsingar og umhverfismál ekki í þeim. Lítil pólitískur vilji hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum. Mikill tími og orka í að innleiða umhverfismál sem væri einfalt með rögg samri stjórnsýslu
- Vistvæn (-ræn) innkaup eru mun dýrari fyrir stofnun sem er í aðhaldsaðgerðum
- Þröngur húsnæðiskostur. Aðalhúsnæði í friðuðu húsi sem er plásslítið og þolir ekki miklar breytingar. Vantar ábyrgðarmanneskju málaflokksins sem er gefinn tími og stuðningur yfirstjórnar til að keyra ákveðnar áfram. Þó hafa skref verið stigin
- Þjónusta sveitarfélagsins. Á þriðja ár hefur verið reynt að fá sveitarfélagið til þess að veita þjónustu um flokkun sorps í þéttbýlinu ... Á meðan að engin er lausnin, er pappír flokkaður og farið með hann í endurvinnslu á ...
- Fjárskortur
- Tímaskortur og skortur á fjármagni
- Önnur verkefni forgangsraðast hærra

Hver er helsta hindrunin við að vinna að umhverfisstarfi stofnunarinnar?

Dæmi um skýringar stofnana sem **sinna** umhverfisstarfi:

- Samgöngustyrkir hafa ekki verið teknir upp vegna kostnaðar en hefur verið skoðað gaumgæfilega
- Svo sem engin - tók tíma og eru enn að fá fólkið í lið með okkur. Stundum neikvæðar raddir frá fólkinu
- Gjörsamlega ófullnægjandi fjárveitingar til reksturs koma niður á verkefnum eins og umhverfismálum
- Smæð og að við stjórnnum ekki sjálf þrifum eða öðru sem snertir húsnæðið
- Tekur tíma að breyta hugarfari starfsmanna. Vantar betra flokkunarkerfi hjá sveitarfélaginu
- Sé nú ekki nein sérstök vandamál sem hindra umhverfisstarf í stofnuninni. Við höfum um árabíl flokkað úrgang og hagað innkaupum á sem umhverfisvænstan hátt
- Að viðhalda rétttri flokkun sorps og umhverfisvitund starfsmanna. Stöðug árétting þarf að vera í gangi, sem má ekki hljóma sem nöldur
- Engar hindranir

Hver er helsta hindrunin við að vinna að umhverfisstarfi stofnunarinnar?

Dæmi um skýringar stofnana sem **sinna ekki** umhverfisstarfi :

- Fjárskortur og undirmönnun. Held að flest starfsfólkið sé meðvitað um gott umgengi við umhverfið og þess vegna þurfi tæpast einhverja stefnu í þeim efnum. Einhver stefna er ekki lausn, marktæk stefna þrengir sjónarhornið en stefna sem á að taka á „öllum þáttum“ er engin stefna, aðeins upptalning
- Undirmönnun, of mörg verkefni
- Þarf að ákveða að taka hana á dagskrá. Önnur mál hafa haft meiri forgang. Svansmerktar vörur eru dýrari
- Stofnun í leiguhúsnæði, eigandi og aðrir leigutakar ekki samtaka í t.d. fjölgun gáma til flokkunar sorps o.s.frv.
- Unnið er að miklu umbótastarfi m.a. að setja upp gæðakerfi og mótun hinna ýmsu stefnumála. Þetta verður á dagskrá þegar við erum komin lengra í innleiðingu okkar
- Hefur ekki verið sett í forgang
- Forgangsröðun verkefna, skortur á mannskap, tíma- og fjármagnsleysi var iðulega nefnt
- Allnokkrir sögðu „Engin hindrun“


Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf?

Spurningin var opin, 51 stofnun af 101 svöruðu en árið 2013 svöruðu 90 af 120. Svörin voru flokkuð og sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.


Bætt umhverfisvitund og vilji er nefnt sem helsti ávinningur bæði árin (20% í 26% 2015)

Stórt stökk í svörum 2015 tengst aukinni starfsánægju og heilsu (7% í 25% 2015)

2013



2015



- Betra umhverfi fyrir alla (verndun umhverfis)
- Bætt umhverfisvitund og vilji
- Fjárhagslegur
- Góð ímynd og trúverðugleiki
- Bætt úrgangsmál
- Uppeldislegt og hvatning
- Aukin starfsánægja og heilsu
- Vistvænni innkaup
- Veit ekki

Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf?

Dæmi um svör stofnana af ávinningi umhverfisstarfs:

- Að mínu mati sparar þetta peninga og er hluti af samfélagsábyrgð stofnunar og starfsfólks. Þetta eru þættir sem ekkert eru kynntir af ráðuneyti eða öðrum aðilum sem setja vinnureglur og slíkt
- Sorpflokkun skilaði ódýrari sorpgjöldum, minni kostnaður í ræstivörum
- Vitundarvakning hjá starfsmönnum og nemendum
- Almenn ánægja með framþróun
- Gera bæði starfsmenn og nemendur meðvitaða um umhverfismál og ávinninginn af því fyrir umhverfið ef vistvæn sjónarmið ráða för. Umhverfið í víðum skilningi er ein af aðalstoðum í stefnu NN og þess vegna er reynt að halda þessum sjónarmiðum á lofti
- Ánægja á vinnustað
- Fólk meðvitaðra
- Skapar meðvitund um að hugsa umhverfisvænt á mörgum stigum
- Bætt umgengni, vistvænni starfsemi
- Minnka kostnað vegna úrgangs og raforku
- Hefur jákvæð áhrif á umhverfið
- Hagræði, hagkvæmni og aukin meðvitund um kostnað og umhverfismál
- Að taka þátt í að breyta viðhorfum almennings til umhverfismála og bæta umgengni um Móður jörð



Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf?

Dæmi um svör stofnana af ávinningi umhverfisstarfs:

- Aukin meðvitund um innkaup, neyslu og úrgang. Samgöngusamningar mjög hvetjandi til vistvænni ferðamáta og líkamshreyfingar
- Minni sóun og minni kostnaður við t.d. pappírskaup, hætt að nota einnota ílát
- Samfélagsleg ábyrgð, taka ábyrgð á umhverfi sínu
- Ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Þó umhverfisstefna hafi ekki verið sett þá þýðir það ekki að ekki sé tekið mið af umhverfinu við innkaup og vörunotkun
- Stofnunin hefur skyldur gagnvart umhverfinu og æskilegt að hún væri leiðandi á því sviði. Mikilvæg fyrirmynd
- Gera fólk meðvitað um umhverfi sitt og efla sjálfbærni
- Ávinningur hefur fengist í aukinni starfsánægju starfsfólks við að taka þátt í sameiginlegum verkefnum á sviði umhverfismála eins og flokkun sorps. Stofnunin nýtur auk þess ávinnings þegar árangur næst á ýmsum sviðum verkefna
- Nemendur og starfsfólk tileinkar sér umhverfisvænni starfshætti. Flokkar allt rusl og setur sér markmið
- Á eftir að koma í ljós. En við erum tiltölulega nýbyrjuð að flokka sorp
- Dregið hefur úr efnisnotkun, t.d. pappír. Rusl ekki urðað sem nýta má í annað
- Betri umhverfisvitund
- Náttúruvernd
- Flokkun á pappír sem tryggir ákveðið öryggi gagna. Erum að taka upp grænt bókhald

Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf?

Dæmi um svör stofnana af ávinningi umhverfisstarfs:

- Kostnaðarlækkun vegna flokkunar sorps og betri orkunýtingar
- Samfélagsleg ábyrgð og í einhverjum tilvikum sparnaður
- Viljum vera skýr fyrirmynd og er stór hluti af okkar sjálfsmynd
- Meiri meðvitund um nýtingu gæða
- Markviss vinna við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Fjármunir sparast, m.a. vegna minna af óflokkuðu sorpi og minni olíunotkun. Bætir ímynd stofnunarinnar. Höfum haldið grænt bókhald frá 1998
- Ávinningurinn er fólgin í betra umhverfi, snyrtilegri stofnun, ánægðari starfsfólki og nemendum
- Samfélagsleg ábyrgð, samvinna og samheldni starfsfólks að betrun umhverfis, minni rekstrarkostnaður
- Gera starfsfólk meðvitaðra um umhverfismál og að fólk skilji að um sameiginlegt starf er að ræða
- Fólk á stofnuninni er almennt mjög meðvitað um umhverfið
- Aukin vellíðan manneskju og náttúru - og oft sparnaður í krónum talið
- Leggjum eitthvað smávegis fram til að bæta heiminn
- Víðtækur ávinningur. Sjálfsagt mál í hugum flestra. Tengist beint gildi stofnuna í starfi, sem er sjálfbærni. Og svo mætti áfram telja



Hver er mesti ávinningurinn af því að vinna með umhverfisstarf?

Dæmi um svör stofnana af ávinningi umhverfisstarfs sem eru með **samgöngusamning**:

- Jákvæð ímynd og heilbrigt umhverfi
 - Starfsmenn eru hressari eftir að samgöngusamningar voru teknir upp
 - Betri vinnustaður, heilsusamlegri vinnustaður og lækkun á kostnaði við ákveðna liði
 - Ábyrgur rekstur, jákvæð ímynd gagnvart bæði starfsmönnum og þeim sem stofnunin þjónustar
 - Bætt heilsa starfsmanna - Betri ímynd stofnunarinnar
 - Mesti ávinningurinn er ánægt starfsfólk, allir taka þátt í flokkun og minni sóun, meiri vellíðan á umhverfisvænum vinnustað
 - Samgöngusamningar mjög hvetjandi til vistvænni ferðamáta og líkamshreyfingar
 - Samfélagsleg ábyrgð. Hægt að minnka sóun og spara fjármagn.
- Umhverfismál eru lykillinn að framtíðinni

II. Hluti:


VISTVÆN INNKAUP STOFNANA

SPURNINGAR UM VISTVÆN INNKAUP STOFNANA

1. Hefur stofnunin gert innkaupagreiningu, þ.e. metið umfang innkaupa, fjölda og eðli samninga og skoðað innkaupahætti stofnunarinnar?
2. Hefur stofnunin innkaupastefnu eða innkaupareglu sem gerir kröfu um umhverfismál (s.s. takmarkanir á eignum sem eru hættuleg heilsu eða umhverfi, orkunýtni og endurnýjanlega orku, úrgang og umhverfisstjórnun)?
3. Hefur stofnunin upplýst helstu birgja sína um stefnu sína í vistvænum innkaupum?
4. Hefur verið myndað teymi innan stofnunarinnar um vistvæn innkaup?
5. Hafa starfsmenn fengið fræðslu um vistvæn innkaup?
6. Fjöldi starfsmanna sem hafa farið á vinnustofu um vistvæn innkaup?
7. Hversu vel hefur vefsvæði vistvænna innkaupa (www.vinn.is) gagnast stofnuninni við innkaup?
8. Þekkir innkaupafólk til umhverfisskilyrða VINN á heimasíðu vistvænna innkaupa; vinn.is?
9. Þekkir innkaupafólk til gátlista VINN á heimasíðu vistvænna innkaupa; vinn.is?
10. Nýtir stofnunin rammamninga Ríkiskaupa?
11. Kemur stofnunin að vinnu við útboðsgögn?
12. Ef já, hefur stofnunin haft umhverfisskilyrði VINN (á heimasíðu vistvænna innkaupa; VINN.is) til hliðsjónar?
13. Setur innkaupafólk fram umhverfiskröfur við smærri innkaup, t.d. með því að nota gátlista VINN?
14. Við mat á útboðum er þá tekið tillit til líftímakostnaðar (e. LCC, Life Cycle Costing) eða eingöngu innkaupaverðs?
15. Hversu vel eða illa telur þú að stofnunin þín standi sig í vistvænum innkaupum?
16. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir stofnunina að stunda vistvæn innkaup?
17. Hver er helsta hindrunin við vistvæn innkaup í ykkar stofnun?
18. Hvernig aðstoð mundi nýtast stofnun ykkar við vistvæn innkaup?
19. Hvað þarf til að stofnunin þín vinni meira með vistvæn innkaup?
20. Á stofnunin gott dæmi um vistvæn innkaup sem hún vill deila? **NÝ SPURNING**



VISTVÆN INNKAUP STOFNANA - hlutfall




VISTVÆN INNKAUP STOFNANA - hlutfall


- Almennt eru litlar breytingar á milli ára
- Örlítill aukning er á hlutfalli stofnana sem hafa gert innkaupagreiningu, sett sér innkaupastefnu, upplýst birgja og þekkja til umhverfisskilyrða frá 2013
- Hlutfallslega færri stofnanir eru nú með teymi og þekkja til gátlista VINN en 2013
- 38% hafa gert innkaupagreiningu
- 46% hafa sett sér innkaupastefnu þar sem gerðar eru kröfur um umhverfismál
- 29% hafa stofnað teymi um vistvæn innkaup

VISTVÆN INNKAUP STOFNANA


■ 2013
■ 2015



Nýtir stofnunin rammamninga Ríkiskaupa?



Kemur stofnunin að vinnu við útboðsgögn?




Setur innkaupafólk fram umhverfiskröfur við smærri innkaup?


Ef stofnunin kemur að vinnu útboðsgagna, hafa umhverfisskilyrði VINN verið höfð til hliðsjónar?

- 62 af 120 svöruðu árið 2013 og 69 af 101 svöruðu árið 2015
- Af þeim 69 stofnunum sem koma að vinnu við útboðsgögn hafa 32 stofnanir haft umhverfisskilyrði VINN, oft, stundum eða alltaf til hliðsjónar
- 37 stofnanir sögðust sjaldan eða aldrei hafa haft umhverfisskilyrði VINN til hliðsjónar

Hér er um jákvæða en hæga þróun að ræða




Er tekið tillit til líftímakostnaðar (LCC) eða eingöngu innkaupaverðs við mat á útboðum?



Áhugavert er að sjá að stofnanir sem segjast stundum taka tillit til LCC fækkar hlutfallslega milli ára um leið og hlutfallsleg aukning er hjá þeim stofnunum sem segjast eingöngu taka tillit til innkaupaverðs. Í nýrri innkaupalöggjöf sem verður innleidd á komandi misserum verður aukin áhersla á LCC. Til eru verkfæri á vinn.is.

Árið 2013 svöruðu allir spurningunni (120) en aðeins 96 af 101 árið 2015.


Hafa starfsmenn fengið fræðslu um vistvæn innkaup?




- Allir 120 svöruðu árið 2013 en 98 af 101 árið 2015
- Árið 2013 höfðu 58% starfsfólks fengið einhverja fræðslu á móti 69% 2015

GAGNSEMI VEFSVÆÐIS VISTVÆNNA INNKAUPA (VINN.IS) UM VISTVÆN INNKAUP

- 97 af 101 svöruðu árið 2015 en árið 2013 svöruðu 120 af 120
- Hlutfall svarenda sem telur vefsvæðið gagnlegt hefur hækkað á milli ára;
26 stofnanir töldu það gagnlegt 2013 á móti 30 stofnunum 2015




Hversu vel eða illa telur þú að stofnunin þín standi sig í vistvænum innkaupum?




Þróunin virðist vera sú að stofnunum finnist þær standa sig almennt nokkuð betur nú en árið 2013 en alls 56% segja stofnunina standa sig mjög vel eða nokkuð vel í vistvænum innkaupum á móti 40% árið 2013

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir stofnunina að stunda vistvæn innkaup?

2013



2015



Fleiri stofnunum finnst erfiðara nú (14%) en árið 2013 (10%) að stunda vistvæn innkaup

Hvernig aðstoð myndi nýtast stofnun ykkar við vistvæn innkaup og hvað þarf til að stofnunin vinni meira með vistvæn innkaup?

Þegar skoðuð eru svör stofnana eru eftirfarandi atriði oftast nefnd:

- **Aukin fræðsla**
 - Námskeið og kynningar utanaðkomandi aðila fyrir lykilstarfsmenn hjá sérfræðingi með dýpri þekkingu
- **Aðgengilegri upplýsingar**
 - „Okkar helsta aðstoð er Vinn-síðan sem nýtist okkur ágætlega.“
 - Skýr dæmi um hvernig lítil stofnun hefur náð árangri og sparnaði með vistvænum innkaupum
- **Aukin ráðgjöf um útfærslu og framkvæmd**
 - Aðstoð við stefnumótun, verklagsreglur og vinnulýsingar. Vinnustofur fyrir starfsmenn
- **Fleiri verkfæri**
 - Gátlistar
 - Greining á innkaupum ráðuneytisins og leiðbeiningar um hvar, í hvaða flokkum og hvernig hægt er að vera með vistvæn innkaup. Engin sérfræðiþekking á þessu sviði hjá ráðuneytinu. Fólk er að vinna með stjórnslu og ekki með innkaup, nema matráður sem verslar mat og ritarar sem versla ritföng
- **Aukið fjármagn**
- **Ákveðnari stefna stjórnvalda og Ríkiskaupa gagnvart óvistvænum vörum**
- **Ríkiskaup séu samstíga þessu verkefni**

Á stofnunin gott dæmi um vistvæn innkaup sem hún vill deila?

Eftirfarandi eru dæmi sem stofnanir vildu deila með öðrum í könnuninni:

- Reynum að láta tæki nýttast lengi og vel
- Öll hreinsiefni sem notuð eru á stofnuninni eru vistvæn
- Gerðum kröfu um vistvæn þrifaefni hjá þrífafyrirtækinu
- Allur pappír og ræstivörur eru vistvænar
- Öll okkar viðskipti þegar kemur að prentun er við GuðjónÓ, sem er vistvæn prentsmiðja
- Fyrsta útboð um blaðhögun í vélarsal
- Rekstrarvörur skiptu óvottuðum vörum út fyrir umhverfisvottaðar. Gámaþjónustan með góðar lausnir - kaupa pappír og plast
- Hætt að nota einnota plastsýnabakka og notaðir í staðinn þegar úr vistvænum pappír. Sparar kostnað og geymslupláss og er umhverfisvænna
- Þegar farið var að kaupa umhverfisvottaðan þurrkupappír kom í ljós að hann var ódýrari :)
- Já og hefur gert það, prentlausn Nýherja
- Stefna að pappírslausri stofnun
- Umhverfisvottun bygginga
- Skoða alltaf hvort varan er umhverfismerkt
- Grænir samningar við húsaleiguaðila, Reitir. Svansmerkt ræsting, aukning á lífrænum áherslum í matsölu
- Já, t.d. gögn úr grænu bókhaldi
- Skrifstofupappír og umslög eru keypt inn miðlægt og þannig er tryggt að keyptar eru umhverfisvottaðar vörur. Í samningi um ræstingaþjónustu sem boðin var út eru ákvæði um umhverfisvottaðar vörur og því er fylgt eftir

